



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 23. nóvember 2016 varðandi eftirfarandi mál.

Göngugötur á aðventunni

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. nóvember 2016 þar sem lagt er til að hluti Laugavegs, Bankastrætis og Skólavörðustígs verði breytt í göngugötur á aðventunni.

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. nóvember 2016 samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Sverris Bollasonar, fulltrúa Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur og fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarssonar gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina Guðfinnu J. Guðmundsdóttur sem greiðdu atkvæði gegn tillögunni og bóka:

*"Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina telja rétt að halda sig við lokun gatna með sama hætti árið 2016 og var á árinu 2015 en um það náðist sátt í fyrra. Miðborgin okkar lagði til að lokanir árið 2016 yrðu með sama hætti og árið 2015 og teljum við eðlilegt að hlusta á þær áherslur enda koma þær frá rekstraraðilum".
Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskal: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. nóvember 2016



Reykjavík 21. nóvember 2016 (HG)

Til umhverfis- og skipulagsráðs

Göngugötur í miðborg Reykjavíkur

Lagt er til að fyrirkomulag á göngugötum á aðventunni, hvað varðar umfang og tímasetningar, verði eftirfarandi;

Laugavegur verði göngugata frá Vatnsstíg, að gatnamótum Bankastrætis og Þingholtsstrætis, og Skólavörðustígur verði göngugata frá Bergstaðastræti frá og með 16. desember til og með 23. desember. Vöruafgreiðsla verður heimil milli kl. 07:00 og 11:00 virka daga. Allur akstur utan vöruafgreiðslutíma og bifreiðastöður verða óheimilar á umræddum götuköflum á meðan göturnar eru göngugötur.



Upplýst skal vel um göngugöturnar í fréttatilkynningu, á vef Reykjavíkurborgar og á samfélagsmiðlum.

Séð verður fyrir bílastæðum fyrir hreyfihamlaða eins og verið hefur undanfarið ár.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,
Hildur Gunnlaugsdóttir, verkefnisstjóri borgarhönnunar